



# Samantekt aðgerða ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni.

**Útgefandi:**

Stjórnarráð Íslands

Maí 2021

**Umbrot og textavinnsla:**

Stjórnarráð Íslands

©2021

ISBN 978-9935-482-25-9

# Efnisyfirlit

|                                                                                                                                                              |           |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Samantekt.....</b>                                                                                                                                        | <b>4</b>  |
| <b>1. Lög, þingsályktanir og framkvæmdaáætlanir.....</b>                                                                                                     | <b>7</b>  |
| 1.1 Lög á forræði dómsmálaráðuneytis .....                                                                                                                   | 7         |
| 1.2 Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025..... | 9         |
| 1.3 Þingsályktun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.....                                                                      | 10        |
| <b>2. Aðgerðir gegn ofbeldi.....</b>                                                                                                                         | <b>11</b> |
| 2.1 Aðgerðateymi um ofbeldi .....                                                                                                                            | 11        |
| 2.2 Stuðningur við þolendamiðstöðvar og þjónusta vegna heimilisofbeldis .....                                                                                | 11        |
| 2.3 Styrkir til félagasamtaka og verkefna sem fela í sér aðgerðir gegn ofbeldi.....                                                                          | 12        |
| 2.4 Vitundavakning um ofbeldi og 112 rafræn gátt um ofbeldi .....                                                                                            | 13        |
| 2.5 Aðrar aðgerðir og tilraunaverkefni .....                                                                                                                 | 14        |
| <b>3. Vinnumarkaðurinn.....</b>                                                                                                                              | <b>16</b> |
| <b>4. Annað.....</b>                                                                                                                                         | <b>17</b> |
| 4.1 Ístanbúlsamningurinn .....                                                                                                                               | 17        |
| 4.2 Ísland leiðir aðgerðabandalag UN Women um kynbundið ofbeldi.....                                                                                         | 17        |
| 4.3 Stefnumarkandi aðgerðir.....                                                                                                                             | 17        |
| 4.3.1 Verkefni tengd skólum og æskulýðsstarfi .....                                                                                                          | 17        |
| 4.4 Alþjóðlegar ráðstefnur um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.....                                                                                        | 19        |

# Samantekt

- Lög um kynferðislega friðhelgi voru samþykkt í febrúar 2021. Lögin taka með afgerandi hætti á þeirri ógn sem stafrænt kynferðislegt ofbeldi er.
- Lög um umsáturseinelti voru samþykkt í febrúar 2021. Lögin gera slíkt atferli refsivert og tryggja betur vernd þeirra sem fyrir því verða.
- Frumvarp lagt fram um rýmkun hatursorðaákvæðis og um hámark refsinga vegna barnaníðs.
- Frumvarp lagt fram um réttarbætur fyrir brotþola ofbeldis.
- Frumvarp lagt fram um afnám undanþáguheimilda fyrir hjúskap yngri en 18 ára.
- Frumvarp lagt fram sem tekur á mansali.
- Fyrsta heildstæða áætlunin um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir 2021-2025 samþykkt og fullfjármögnuð.
- Sérstækt aðgerðateymi gegn ofbeldi skipað af félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra í þeim tilgangi að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi. Aðgerðateymið hefur skilað af sér tillögum sem snúa m.a. að gerendum, húsnæðisúrræðum fyrir þolendur, forvörnum og fræðslu til foreldra og barna og ungmenna og aðgerðum vegna ofbeldis gegn fötluðu fólki. Lögð er áhersla á þróun tæknilausna í tíð COVID-19 til að vinna gegn ofbeldi og að þær lausnir nýtist áfram að loknum heimsfaraldrinum.
- Neyðarnúmerið 112 eft og þróað með þeim hætti að þangað er hægt að leita vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum. Á vefsvæði 112 er hægt að nálgast upplýsingar um þjónustu og úrræði á vegum opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila.
- Samtök um Kvænnaathvarf styrkt um 100 m.kr. til að bæta aðgengi að þjónustunni, styðja við framkvæmdir við byggingu nýs áfangaheimilis, hönnun á nýju neyðarathvarfi og til kaupa á lóð undir nýtt neyðarathvarf.
- Stígamót styrkt um 20 m.kr. til þess að bregðast við auknu álagi í þjónustu samtakanna og draga þar með úr biðtíma eftir þjónustu.
- Rekstrarframlög til þjónustumiðstöðva fyrir þolendur ofbeldis: Bjarkarhlíð í Reykjavík, Bjarmahlíð á Akureyri.
- Styrkir til Aflsins, samtaka þolenda kynferðisofbeldi á Akureyri, Drekaslóðar og Sigurhæða á Selfossi.
- Samningur við Heimilisfrið um meðferð fyrir gerendum ofbeldis.
- Reykjavíkurborg styrkt um 85 m.kr. til að fjármagna tímabundið húsnæði fyrir heimilislausa með fjölþættan vanda, þ.m.t. húsnæði fyrir konur sem sætt hafa ofbeldi.

- Vitundarvakning gegn heimilisofbeldi, úrræði gerð sýnilegri á samfélagsmiðlum, fræðsla aukin og upplýsingum komið á framfæri víða í samfélaginu.
- Tilraunaverkefni um opnun Kvennaathvarfs á Norðurlandi.
- Styrkur til Barnahúss sem eflir starfsemi og stytir biðlista.
- Samskiptaráðgjafi í íþróttum og æskulýðsmálum tók til starfa 2020.
- Starfshópur skipaður um eflingu kynfræðslu í skólum.
- Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.
- Fræðsluefni gegn ofbeldi fyrir börn og ungmenni.
- Þróun námsefnis sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir framhaldsskóla.
- Starfsþróun grunnskólakennara – kynja- og jafnréttisfræðsla.
- Vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun.
- Löggæslan eflað og fullfjármögnuð aðgerðaráætlun kynnt um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu. Aðgerðirnar snerta mismunandi þætti réttarvörslukerfisins, auk aðgerða er varða brotapolu, sakborninga, forvarnir og fræðslu. Á grundvelli þessarar áætlunar hefur þegar verið gripið til þess að bæta málsmeðferð í kynferðisbrotamálum hjá lögreglunni.
- Rúmlega 200 m.kr. viðbótarfjármagn til þess að bæta við fimmtán nýjum stöðugildum hjá lögreglu, um land allt, með það að markmiði að öll embætti verði í stakk búin til að sinna rannsókn og meðferð kynferðisbrota. Til viðbótar voru 40 m.kr. settar í uppfærslu á verklagsreglum og rannsóknarbúnaði hjá lögreglu.
- Embætti héraðssaksóknara styrkt um tvö ný stöðugildi til að bæta málsmeðferð kynferðisbrota hjá embættinu.
- Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu og embætti ríkissaksóknara var styrkt til að efla endurmenntun lögreglu og ákæranda á þessu sviði.
- Stefna og áætlun Stjórnarráðsins gegn einelt, kynferðislegri áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi samþykkt í árslok 2017.
- Skýrsla um rannsókn á algengi og eðli áreitni á íslenskum vinnumarkaði *Valdbeiting á vinnustað*. Til umfjöllunar á Me-too ráðstefnu í Hörpu haustið 2019.
- Ein stærsta alþjóðlega ráðstefnan um Me-too haldin í Hörpu haustið 2019.
- Ríkisstjórnin styrkir fund alþjóðlegra kvennasamtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem haldinn verður í Hörpu 16.-18. ágúst 2021.

- Ísland leiðir áttaksverkefnið Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum) á vegum stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women. Hlutverk Íslands sem forysturíkis í þessu verkefni er í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi af öllu tagi.

# 1. Lög, þingsályktanir og framkvæmdaáætlanir

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis er því lýst yfir að eitt af verkefnum nýrrar ríkisstjórnar sé að vinna að umbótum í meðferð kynferðisbrota. Þetta ætli ríkisstjórnin að gera með nýrri aðgerðaáætlun, endurskoðun og umbótum á löggjöf og fullgildingu Ístanbúl-samningsins, sem hefur það að markmiði að vernda konur og börn fyrir ofbeldi.

## 1.1 Lög á forræði dómsmálaráðuneytis

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum sem varða kynferðislega friðhelgi var samþykkt á Alþingi 2021. Tilfni lagasetningarinnar er aukið stafrænt kynferðisofbeldi í íslensku samfélagi. Engin einhlít skilgreining lá fyrir um hugtakið en með því er vísað til háttsemi sem felst í því að nýta stafræn samskipti til þess að búa til, dreifa eða birta kynferðislegt myndefni af öðrum í heimildarleysi. Slík brot geta þó einnig átt sér stað án þess að stafræn tækni sé nýtt.

Lögin fela í sér breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem kveða á um kynferðisbrot annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar. Þá er kveðið á um breytingu á lögum um meðferð sakamála til þess að tryggja virkni þeirra breytinga sem samþykktar voru á hegningarlögum. Lögin miða að því að styrkja réttarvernd einstaklinga með hliðsjón af þeim samfélagslegu breytingum sem orðið hafa með aukinni tæknivæðingu og viðhorfsbreytingum gagnvart kynferðisbrotum á Íslandi.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (umsáturseinelti)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum um umsáturseinelti var samþykkt á Alþingi 2021. Við lögin hefur bæst við eftirfarandi grein: „Hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.“

Frumvarp um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á hjúskaparlögum hefur verið lagt fram á Alþingi. Frumvarpið felur í sér að lagt er til að afnumin verði undanþáguheimild frá því að einstaklingur yngri en 18 ára megi ganga í hjúskap. Einnig er lagt til að lögfesta meginreglu um

viðurkenningu hjónavígslu sem stofnað er til erlendis. Lagt er til að hjónavígslur einstaklinga yngri en 18 ára sem fara fram erlendis verði ekki viðurkenndar hér á landi nema samkvæmt ströngum undanþágum. Markmið breytinganna er að samræma hjúskaparlögin alþjóðlegum tilmælum og viðhorfum varðandi lágmarksaldur til þess að ganga í hjúskap. Jafnframt er markmiðið að bæta gæði könnunar á hjónavígsluskilyrðum, og samræma framkvæmdina og bregðast við gagnrýni á gildandi löggjöf um lögsögu í skilnaðarmálum og að samræma lögin þeim reglum sem um þetta gilda annars staðar á Norðurlöndunum.

**Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunur o.fl.)**

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum sem lýtur að barnaníðsefni, hatursorðræðu, mismunur o.fl. hefur verið lagt fram á Alþingi. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga.

**Í fyrsta lagi** er lagt til að við ákvörðun hegningar, sbr. 70. gr. laganna, beri að taka til greina hvort brot megi rekja til nánar tilgreindra atriða er varða brotþola persónulega og brot sé þannig af meiði hatursglæpa, auk þess sem lagt er til að jafnaði skuli taka það til greina til þyngingar refsingar ef brot er framið í nærveru barns yngra en 15 ára.

**Í öðru lagi**, og nátengt fyrsta atriðinu, er lagt til að hatursorðræðuákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga verði rýmkað þannig að þjóðernisuppruni (e. ethnic origin) falli ótvírætt þar undir sem og að ákvæðið veiti fötluðu fólki og fólki með ódæmigerð kyneinkenni vernd til samræmis við aðra hópa sem eru taldir þurfa á sérstakri vernd að halda.

**Í þriðja lagi** er lögð til hliðstæð breyting á 1. mgr. 180. gr. almennra hegningarlaga þannig að sömu hópar njóti verndar samkvæmt því ákvæði og 233. gr. a. Með því verður m.a. refsivert að neita fötluðum einstaklingi um vöru eða þjónustu til jafns við aðra.

**Í fjórða lagi** er lagt til að barnaníðsákvæði 210. gr. a laganna verði skipt upp í fjórar málsgreinar. Í efnislýsingu komi fram skilgreining á barnaníði og að hámarksrefsing verði hækkuð, en jafnframt kveðið á um að ákvæðið taki ekki til persónulegra samskipta ungmenna að nánari skilyrðum uppfylltum.

Loks er **í fimmta lagi** lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði, 210. gr. c, um innbyrðis ítrekunartengsl barnaníðsákvæðanna, þ.e. 210. gr. a og 210. gr. b.

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda)

Frumvarp dómsmálaráðherra sem lýtur að breytingum á lögum um meðferð sakamála hefur verið lagt fram á Alþingi. Lagðar eru til þrenns konar breytingar:

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu leitast við að bæta réttarstöðu brotþola við meðferð tiltekinna sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar með það fyrir augum að bæta réttarstöðu fatlaðs fólks við meðferð mála hjá lögreglu og fyrir dómstólum.

Í þriðja lagi þá er gert ráð fyrir að bæta réttarstöðu aðstandenda látins brotþola í þeim tilvikum sem rannsókn lögreglu beinist að dánarorsök hans.

Markmið breytinganna eru að bæta réttarstöðu brotþola og fatlaðra einstaklinga sem og aðstandenda látinna einstaklinga hvort heldur sem er á rannsóknarstigi hjá lögreglu eða fyrir dómstólum.

### Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal)

Frumvarp dómsmálaráðherra sem lýtur að breytingum á mansalsákvæðum almennra hegningarlaga hefur verið lagt fram á Alþingi. Í frumvarpinu er lagt til að mansalsákvæði almennra hegningarlaga verði rýmkað með það fyrir augum að auka vernd þolenda mansals og greiða fyrir því að hægt sé að sækja brotamenn til saka. Frumvarpið tekur á verknaðarlýsingu mansals sem tryggir betur vernd brotþola gagnvart ýmis konar nauðung.

## 1.2 Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025

Í mars 2018 skipaði forsætisráðherra stýrihóp til að fjalla á heildstæðan hátt um umbætur innan kerfisins þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi. Fyrsta heildstæða áætlunin um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni var í kjölfarið samþykkt á Alþingi sumarið 2019 og er fullfjármögnuð. Áætlunin á sér stoð í alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, meðal annars um útrýmingu ofbeldis gegn konum og börnum. Framkvæmdinni er fylgt eftir af forsætisráðuneytinu.

Í fyrsta sinn eru settar fram heildstæðar úrbætur sem byggja á forvörnum sem eru samþættar kennslu og starfi á öllum skólastigum, innan frístundaheimila og félagsmiðstöðva og öðru æskulýðs- og tómstundastarfi. Forsætisráðuneytið hefur skipað hóp sem hefur það hlutverk að samhæfa vinnubrögð, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi

ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar. Ábyrgðaraðilarnir eru átján talsins og lykilaðilar m.a. Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntamálastofnun, Barnaverndarstofa, Embætti Landlæknis og skólaskrifstofur.

Ráðinn hefur verið sérstakur forvarnarfulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur meðal annars það hlutverk að fylgja eftir aðgerðum áætlunarinnar. Þá er búið að ráða ritstjóra hjá Menntamálastofnun sem hefur það hlutverk að byggja upp þekkingu á námsefnisgerð sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, þar á meðal gerð námsefnis í jafnréttis- og kynjafræðum.

Unnið er að gerð mælaborðs um eftirfylgni með áætluninni og ráðgert að fyrsta stöðutaka á verkefnum fari fram í júní 2021. Í kjölfarið verður staðan tekin tvisvar á ári og mælaborðið uppfært til samræmis við það.

### **1.3 Þingsályktun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess**

Áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019-2022, sem var lögð fram af félags- og barnamálaráðherra var samþykkt á Alþingi sumarið 2019. Meginmarkmið stjórnvalda með aðgerðaáætluninni er að stuðla að vakningu um málefnið með forvörnum og fræðslu, bæta verklag og málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins og efla stuðning við þolendur.

Unnið hefur verið markvisst að framfylgd áætlunarinnar og var meðal annars skipað sérstakt aðgerðateymi um ofbeldi sem nánar er fjallað um síðar í skýrslunni.

## 2. Aðgerðir gegn ofbeldi

### 2.1 Aðgerðateymi um ofbeldi

Aðgerðateymi um ofbeldi var sett á fót af félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra 2020 í þeim tilgangi að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi á tímum efnahagsþrenginga og áfalla. Aðgerðateymið er skipað þeim Eygló Harðardóttur og Sigríði Björk Guðjónsdóttur ríkislögreglustjóra.

Aðgerðateymið lagði í upphafi vinnunnar fram sjö megin tillögur sem allar eru komnar í farveg:

- Að Barnahús verði eftt og styrkt þannig að mæta megi aukinni þörf fyrir þjónustu og uppræta biðlista sem hefur myndast eftir þjónustu.
- Að neyðarnúmerið 112 verði eftt og þróað með þeim hætti að þangað verði hægt að leita vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum. Í þeim tilgangi verði m.a. þróað sérstakt vefsvæði sem geymi alhliða upplýsingar um ofbeldi, þ.m.t. upplýsingar um þjónustu og úrræði á vegum opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila.
- Að aðgengi íbúa á landsbyggðinni að þjónustu vegna heimilisofbeldis verði styrkt og í því skyni verði stutt við tilraunaverkefni um kvennaathvarf á Akureyri og þörfin metin á slíku úrræði í beinu framhaldi.
- Að stuðningur við börn sem eru í viðkvæmri stöðu verði aukinn og áhersla á vernd þeirra eflað. Liður í því verði að fjölga úrræðum fyrir börn sem eru gerendur ofbeldisbrota.
- Að komið verði á tilraunaverkefni sem felur í sér að efla og þróa samvinnu sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í málum er lúta að velferð og högum barna, með sérstakri áherslu á vernd barna sem búa við eða hafa búið við ofbeldi á heimili.
- Að ríkislögreglustjóra verði falið gera úttekt og greiningu á ofbeldi gegn öldruðum og fötluðum í þeim tilgangi að veita þeim betri vernd gegn ofbeldisbrotum. Í því skyni verði m.a. lögð áhersla á að efla vitund innan lögreglunnar og meðal almennings um ofbeldi gegn þessum hópum.
- Að sérstakir styrkir verði veittir til verkefna sem fela í sér aðgerðir gegn ofbeldi með áherslu á samstarf frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila.

### 2.2 Stuðningur við þolendamiðstöðvar og þjónusta vegna heimilisofbeldis

- Ný þjónustumiðstöð (Bjarmahlíð) fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri var opnuð í samstarfi félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra. Sambærileg þjónustumiðstöð, Bjarkarhlíð, er þegar starfrækt á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustjórinn á Akureyri hefur yfirumsjón með

verkefninu en aðrir samstarfsaðilar eru Akureyrarkaupstaður, Aflið – samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, Háskólinn á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Samtök um kvennaathvarf, Kvennáráðgjöfin og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Þjónustumiðstöðin býður upp á samhæfða þjónustu og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi af einhverjum toga. Brotapolum er gefinn kostur á stuðningi og ráðgjöf í kjölfar ofbeldis, þeim að kostnaðarlausu. Þjónustumiðstöðin er samstarfsvettvangur opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem aðstoða þolendur ofbeldis. Þjónustumiðstöðin er rekin sem tilraunaverkefni til tveggja ára.

- Aflið, samtök þolenda kynferðisofbeldis á Akureyri hafa frá 2018 verið styrkt um 64 m.kr.
- Samningur félagsmálaráðuneytisins við Bjarkarhlíð í Reykjavík 2019-2022 er um 60 m.kr. yfir samningstímann. Árlegur styrkur stjórnvalda frá árinu 2019 er 20 m.kr. Að auki hefur verið gerður samningur við Bjarkarhlíð um tilraunaverkefni í mansalsmálum upp á 3 m.kr.
- Stutt er við Samtök um Kvennaathvarf með föstum framlögum árlega. Að auki var sérstakur styrkur veittur í heimsfaraldri Covid-19 vegna áfangaheimilis og nýbyggingar samtakanna (100 m.kr.)
- Sigurhæðir, þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi var styrkt árið 2021. Soroptimistaklúbbur Suðurlands er frumkvöðull að verkefninu.

## 2.3 Styrkir til félagasamtaka og verkefna sem fela í sér aðgerðir gegn ofbeldi

- Barnahús, sem sinnir málefnum barna sem sætt hafa kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi, hefur fengið styrk að upphæð 35 m.kr. sem nýtist til styttingar á biðlista, ásamt því að efla starfsemina verulega. Styrkurinn er liður í aðgerðapakka stjórnvalda til þess að bregðast við afleiðingum Covid-19 faraldursins og er ein af tillögum aðgerðateymis gegn ofbeldi.
- Styrkveiting upp á 62,2 m.kr. til ýmissa verkefna með það að markmiði að tryggja þolendum, aðstandendum og gerendum ofbeldis fjölbreyttar leiðir til að leita aðstoðar og sjá til þess að þau fái í framhaldinu viðeigandi þjónustu og stuðning. Verkefnin eru eftirfarandi:
  - Vefútfærsla á hugrænni úrvinnslumeðferð við áföllum í samvinnu sálfræðiþjónustu geðdeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss, Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna hjá Embætti landlæknis og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu.

- Fræðsla um foreldrafærni, sem stendur öllum foreldrum til boða fyrir fæðingu barns og fyrstu eitt þúsund ævidaga barnsins verður efld enn frekar í gegnum vefsvæði Heilsuveru. Áhersla er á að efla færni foreldra og draga þannig úr líkum á vanrækslu, misnotkun og ofbeldi gegn börnum. Hugað er sérstaklega að foreldrum og börnum í viðkvæmri stöðu.
- Verkferlar og viðbrögð heilbrigðisstarfsfólks til að bregðast við einkennum heimilisofbeldis verða bættir með því að útbúa rafræna verkferla vegna heimilisofbeldis í Heilsuveru, hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og sjúkraskrárkerfinu.
- Samningur hefur verið gerður um þjónustu við þolendur mansals.
- Samstarfssamningur hefur verið gerður við Heimilisfrið, meðferðarúrræði fyrir einstaklinga sem beita ofbeldi í nánnum samböndum.
- Drekaslóð, fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis og aðstandendur þeirra hefur verið styrkt af safnliðum fjárlaga.
- Í júlí 2020 var auglýst eftir umsóknum um styrki til félaga og samtaka og opinberra aðila vegna verkefna sem snúa að aðgerðum gegn ofbeldi. Alls voru 17 verkefni styrkt sem áttu það sammerkt að stuðla að almennri vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi, eflingu þjónustu og stuðningsúrræða vegna ofbeldis og stuðning við þróun og framkvæmd annarra verkefna á þessu sviði á tímum Covid-19.
- Styrkur veittur til fræðslu trúnaðarmanna stéttarfélaga um heimilisofbeldi og mansal.

## 2.4 Vitundavakning um ofbeldi og 112 rafræn gátt um ofbeldi

- Verkefnið: Þú átt VON var sérstaklega styrkt árið 2020. Megininntak verkefnisins er að miðla reynslu af aðferðum sem hafa skilað árangri í baráttunni gegn ofbeldi í nánnum samböndum, mynda tengsl á milli aðila, bjóða upp á fræðslu og standa að vitundarvakningu fyrir alla landsmenn. Með vitundarvakningunni er lögð áhersla á að sýna þolendum ofbeldis að það er von um betra líf. Dregin er fram reynsla þolenda og gerenda á að komast út úr aðstæðum með stuðningi fagfólks og er fjölbreytt þjónusta sem stendur fólki til boða.
- Neyðarnúmerið 112 eft og þróað með þeim hætti að þangað er hægt að leita vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum.
  - Fyrsti áfangi er tenging á milli Heilsuveru og 112.is.
  - Neyðarhnappur í Heilsuveru í samstarfi við 112.
  - Þolendum er hjálpað að nálgast heilbrigðisstarfsfólk á öruggan hátt.
  - Staðlaðir verkferlar vegna heimilisofbeldis í Sögu, sjúkraskrárkerfinu.
  - Samræmd skráning á heimilisofbeldi = tölfræði um ofbeldi.
  - Tilkynningar til barnaverndar rafrænt í Sögu, sjúkraskrárkerfinu.

## 2.5 Aðrar aðgerðir og tilraunaverkefni

- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum stýrir tilraunaverkefni sem felur í sér að efla og þróa samvinnu sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í málum er lúta að velferð barna, með áherslu á vernd barna sem búið hafa við ofbeldi á heimili. Verkefnið er hluti af tillögum aðgerðateymis gegn ofbeldi.
- Samþykktar hafa verið tillögur aðgerðateymis um varanlegan stuðning við börn í viðkvæmri stöðu til að draga úr líkum á ofbeldisbrotum þeirra. Ríkislögreglustjóri mun vinna að þessum verkefnum í samvinnu við lögregluembættin, sýslumannsembættin og hlutaðeigandi stofnanir og félög. Tillögurnar byggja á tilraunaverkefni sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk styrk til sl. sumar þar sem tekið var sérstaklega utan um börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu og var reynslan af því verkefni mjög jákvæð. Tillögurnar eru þríþættar:
  - Í fyrsta lagi verða mótaðar reglur fyrir lögregluna á landsvísi um verklag við rannsókn ofbeldisbrota meðal barna og ungmenna annars vegar og um samstarf við aðrar stofnanir um forvarnir gegn afbrotum meðal barna og ungmenna hins vegar. Samstarfsstofnanir eru t.a.m. sýslumannsembættin, félagsþjónustan, barnavernd, leik-, grunn- og framhaldsskólar, heilsugæslan, tómstunda- og íþróttastarf sveitarfélaga og aðrar lykilstofnanir í lífi barna. Með samstarfinu á að tryggja samþættingu þjónustu til farsældar fyrir börn og ungmenni. Lögð verður sérstök áhersla á verklag og viðmið um ábendingar og tilkynningar á milli lögreglu, barnaverndar og skóla þegar kemur að ofbeldi gegn börnum. Einnig hefur verið lagt til að móta verklag, í samráði við börn og ungmenni, um vitundarvakningu um ofbeldi meðal barna og ungmenna.
  - Í öðru lagi verður upplýsingum um nýjar verklagsreglur og lagabreytingar miðlað innan löggæslunnar. Fræðsluefni verður útbúið og unnið að því að kynna og innleiða nýja verkferla til að starfsfólk hafi þekkingu til að nota þá með réttum hætti.
  - Í þriðja lagi verður þjálfun starfsfólks eflað og endurmenntun starfsfólks innan löggæslunnar við verklag við rannsókn á ofbeldisbrotum barna og ungmenna tryggð.
- Tillögur um aðgerðir vegna ofbeldis gegn fötluðu fólki fela eftirfarandi í sér:
  - Greining á umfangi ofbeldis gegn fötluðu fólki. Skoðað verður hvernig megi skrá ofbeldi gegn fötluðu fólki við skráningu mála í lögreglukerfinu (LÖKE) án þess að brjóta gegn persónuvernd viðkomandi til að vinna megi greiningar á tilkynningum um ofbeldi.
  - Fagleg ráðgjöf til þjónustuaðila. Veita á faglega ráðgjöf til frjálsra félagasamtaka bæði innan hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og þeirra sem sinna þjónustu vegna ofbeldis í formi yfirlesturs gagna, samráðs

við fagfólk og ráðgjöf varðandi stefnumótun vegna ofbeldis gegn fötluðu fólki. Ráðgjöfinni er ætlað að stuðla að því að fatlað fólk sé upplýst um núverandi þjónustuúrræði og að þjónustuúrræðin vegna ofbeldis verði aðgengilegri.

- Jafningjanámskeið fyrir fatlað fólk sem *Tabú* mun halda utan um. Markmið námskeiðanna verður að auka réttarvitund, sjálfsskilning og líkamsvirðingu. Áhersla er lögð á misrétti og ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og hvernig hægt sé að leita aðstoðar telji þátttakendur sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða að á rétti þeirra hafi verið brotið.
- Námskeið fyrir fagfólk innan löggæslu og dómskerfis. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar mun standa að námskeiðum fyrir starfandi lögreglumenn um birtingarmyndir ofbeldis í lífi fatlaðs fólks. Markmið námskeiðanna er að fagfólk á sviði löggæslu öðlist dýpri skilning á sögu fatlaðs fólks og hvernig ofbeldi í lífi fatlaðs fólks birtist á stundum með öðrum hætti en hjá ófötluðu fólki.
- Námskeiðið *Allt um ástina*. Boðið upp á námskeiðið *Allt um ástina* fyrir ungmenni með frávik í taugabroska á aldrinum 15-20 ára. Námskeiðið er forvarnarnámskeið gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Meðferðarúrræðið *Keep safe*. Styrkur til að undirbúa námskeiðahald og kynningu á úrræðinu *Keep Safe* fyrir barnaverndarnefndir, en það er þróað fyrir drengi á aldrinum 12-17 ára sem eru með frávik í þroska.

### 3. Vinnumarkaðurinn

Nefnd var skipuð 2018 til að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði. Nefndinni var sömuleiðis falið að meta aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Verkefni nefndarinnar var þrípætt:

- Að kanna reynslu starfsfólks af kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi auk eineltis á vinnustöðum sem þolendur, vitni eða gerendur.
- Að kanna meðal vinnuveitenda með hvaða hætti þeir hafa brugðist við kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi auk eineltis á vinnustöðum. Þar á meðal til hvaða aðgerða hafi verið gripið.
- Að kanna meðal vinnuveitenda hvort þeir hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum sínum. Þar með talið áætlun um forvarnir þar sem meðal annars komi fram til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi auk eineltis á vinnustöðum þeirra. Einnig til hvaða aðgerða skuli gripið ef slík hegðun á sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustöðum þeirra eða ef þeir verða varir við slíkt á vinnustað sínum.

Nefndin ákvað að fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera rannsókn á ofangreindu og eru niðurstöðurnar kynntar í ítarlegri skýrslu *Valdbeiting á vinnustað - rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði*. Í kjölfarið var skipaður aðgerðarhópur í því skyni að vinna gegn kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi auk eineltis á vinnustöðum.

Veittur var styrkur til *Vörðu* – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins og Félagsmálaskóla alþýðu um gerð myndbanda í nánú samráði við Félagsmálaskólann, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfið, Vinnueftirlitið og 112. Myndböndin verða liður í baráttu gegn heimilisofbeldi, mansali og áreitni og verða nýtt í fræðslu Félagsmálaskólans til trúnaðarmanna stéttarfélaga. Annars vegar verður unnið myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis með áherslu á hlutverk vinnustaða og samstarfsfólks til að skilja og geta brugðist við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar verður unnið myndband um mansal og verður það nýtt jöfnum höndum í trúnaðarmannafræðslu og til að efla þekkingu vinnustaðaeftirlitsfulltrúa til að greina mögulegt mansal og aðra misnotkun. Í stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda við Lífsskjarasamningana kemur fram að tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu.

## 4. Annað

### 4.1 Istanbúlsamningurinn

*Istanbúlsamningurinn* var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins 11. maí 2011 og undirritaður af íslenskum stjórnvöldum sama dag. Samningurinn er fyrsti bindandi samningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Hann kveður á um réttindi brotaþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð.

Í forsætisráðuneytinu hefur verið kortlögð staða íslenskrar löggjafar með tilliti til samningsins, hvað má bæta og hvað er búið að gera til að tryggja innleiðingu samningsins. Þá hafa verið unnin drög að landsáætlun um innleiðingu aðgerða sem verður samstarfsverkefni forsætisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

### 4.2 Ísland leiðir aðgerðabandalag UN Women um kynbundið ofbeldi

Ísland er á meðal forysturíkja átaksverkefnisins Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum) á vegum stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women. Hlutverk Íslands sem forysturíkis í verkefninu samræmist markmiðum ríkisstjórnarinnar að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi af öllu tagi.

### 4.3 Stefnumarkandi aðgerðir

#### 4.3.1 Verkefni tengd skólum og æskulýðsstarfi

- Samskiptaráðgjafi í íþrótt- og æskulýðsmálum tók til starfa á árinu 2020.
- Starfshópur skipaður um eflingu kynfræðslu í skólum.
- Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.
- Fræðsluefni gegn ofbeldi fyrir börn og ungmenni.
- Þróun námsefnis sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir framhaldsskóla.
- Starfsþróun grunnskólakennara – kynja og jafnréttiskennsla.
- Vakningaráttak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun.

#### Samskiptaráðgjafi

Hlutverk samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsmálum er meðal annars að leiðbeina einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem varða t.d. einelti, ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni. Þá veitir ráðgjafinn einnig íþrótt- og æskulýðsfélögum og samtökum forvarnarfræðslu á þessu sviði.

## Starfshópur um eflingu kynfræðslu í skólum

Starfshópur um eflingu kynfræðslu í skólum var skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra. Í kjölfar umræðu í samfélaginu og ábendinga frá nemendum boðaði ráðherra til fundar með aðilum sem hafa með virkum hætti látið sig málefnið varða. Niðurstaða fundarins var að starfshópur myndi koma með tillögur að aðgerðum hið fyrsta. Áætlað er að hópurinn skili tillögum sumarið 2021. Starfshópnum er m.a. falið að:

- koma með tillögu að framkvæmd kennslu í kynfræðslu og ofbeldisforvörnum á grunn- og framhaldsskólastigi.
- kanna framkvæmd kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum þar sem m.a. komi fram viðhorf skólastjórnenda, nemenda og kennara.
- taka afstöðu til hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla, á inntaki kennaramenntunar, hlutverki skólahjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og tómstundafræðinga til að kynfræðsla á þessum skólastigum verði með fullnægjandi hætti.
- koma með tillögur um með hvaða hætti best sé að miðla fræðslu um kynlíf og kynheilbrigði.

## Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Menntamálastofnun vinnur að því að uppfæra *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* með tilliti til forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Við uppfærsluna er litið til varúðarráðstafana sem draga úr hættu á að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni eigi sér stað innan veggja leikskóla eða í tengslum við leikskólastarf, þar á meðal í ferðum á vegum leikskóla. Sérstaklega verði hugað að þörfum og aðstæðum jaðarsettra hópa, svo sem fatlaðra barna og barna með annað móðurmál en íslensku.

## Fræðsluefni gegn ofbeldi fyrir börn og ungmenni

Neyðarlínan 112 mun opna fræðslugáttina [www.112.is/kennsla](http://www.112.is/kennsla). Markmiðið er að nýta betur það efni sem til er og þróa frekar aðgengi að fræðsluefni um ofbeldi fyrir börn og ungmenni með gerð nýmiðlaefnis s.s. lifandi glærupakka, gagnvirkra myndbanda og leikja.

## Þróun námsefnis sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir framhaldsskóla

Unnið er að því að framhaldsskólar hafi aðgang að vönduðu námsefni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hentar framhaldsskólanemendum á öllum aldri. Sérstaklega er tekið tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðs fólks, hinsegin fólks og þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku. Lögð er áhersla á námsefni sem fjallar með beinum og opinskáum hætti um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Jafnframt verður útbúið vandað námsefni um kynheilbrigði og kynhegðun.

Námsefnið verður aðgengilegt á vefsvæði Menntamálastofnunar og öllum opið og frjálst til notkunar. Undirbúningur er hafinn og áætlað að námsefnið verði tilbúið í árslok 2022. Í kjölfarið verður hafist handa við að útbúa sambærilegt námsefni fyrir starfsbrautir framhaldsskóla.

### Starfsþróun grunnskólakennara – kynja og jafnréttiskennsla

Kennarasamband Íslands heldur námskeið fyrir grunnskólakennara um hagnýta jafnréttis- og kynjafræðikennslu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og með styrk frá Framkvæmdasjóði jafnréttismála 2020. Meðal annars er þar fjallað um kynhlutverk og staðalmyndir, kynbundið náms- og starfsval, birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og kynbundinnar áreitni, valdamismunur sem elur á fordómum gegn konum, skaðlegar karlmennskuímyndir og klámneyslu ungmenna.

### Vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með samning við SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni, sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af netöryggishluta samgönguáætlunar Evrópusambandsins. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – *Save the Children Iceland*. SAFT hefur unnið mikið að stafrænni borgaravitund og tekið birtingarmyndir stafræns ofbeldis fyrir sérstaklega fyrir undanfarið.

## 4.4 Alþjóðlegar ráðstefnur um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi

Alþjóðleg ráðstefna um áhrif #metoo bylgjunnar var haldin í Hörpu haustið 2019. Um áttatíu fyrirlesarar tóku þátt og gestir voru tæplega 800 talsins. Þetta var því ein víðamesta ráðstefna um áhrif #metoo sem haldin hefur verið. Ráðstefnan var liður í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og var skipulögð í samvinnu við RÍKK – rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni var fjallað um #metoo í alþjóðlegu ljósi og leitast við að greina hvers vegna bylgjan náði þeim hæðum sem hún gerði árið 2017 og hvers vegna áhrifin voru ólík eftir samfélagshópum, samfélögum og löndum. Þá var sá lærdómur sem draga má af #metoo skoðaður hvað varðar fjölþætta mismunur, svo sem vegna kyns, þjóðernis, stéttar, trúarbragða, uppruna, aldurs, fötlunar og kynhneigðar.

Alþjóðleg kvennasamtök sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni munu halda heimsfund í Hörpu 16.-18. ágúst 2021 undir yfirskriftinni Reykjavík Dialogue, renewing activism to end violence against women. Ríkisstjórnin samþykkti á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 2020, að styrkja fundinn.

